

Sp.

56. Tillaga til þingsályktunar

[47. mál]

um aðstöðujöfnun innlendrar kornframleiðslu við innflutning korns frá útlöndum.

Flm.: Karl Guðjónsson, Halldór Ásgrímsson, Björn Fr. Björnsson,
Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða verðbætur á korn, sem rækt-
að er hér á landi, til jafns við niðurgreiðslu á innfluttu korni.

Greinargerð.

Kornrækt er nú tekin að ryðja sér til rúms hér á landi, og ætla má, að sú
þróun haldi áfram á komandi árum, ef kornræktinni eru búin eðlileg skilyrði
til vaxtar.

Eins og málum er nú háttað um verðlag á kornvöru, verður ekki séð, að
veruleg aukning geti orðið í þessari búgrein, þótt vaxtarmöguleikar hennar að
öðru leyti væru hinir beztu. Íslenska kornið verður án allra verðbóta að keppa við
korn, sem flutt er inn frá útlöndum, en innflutta kornið fær sérstakar niðurgreiðsl-
ur úr ríkissjóði. Þær greiðslur nema 18,61% af fob-verði vörunnar. Erlent korn
er því selt hér sem þessu nemur undir eðlilegu verði þess, en innlend korn-
framleiðsla hefur ekki við neina sambærilega stöð að styðjast og á því í vök að
verjast í samkeppninni við hið erlenda og niðurgreidda korn.

Meðan niðurgreiðsla er aðeins látin ná til innflutta kornsins, verkar hún eins
og verndartollur á útlendu vöruna gegn hinni innlendu.

Það er augljóst mál, að í alla staði er óeðlilegt, að þannig sé að farið til að
þröngva kosti íslenzkrar búgreinar, sem allir eru sammála um, að æskilegt væri,
að ætti fyrir sér að vaxa og eflast.

Eðlilegt hefði verið, að ríkisstjórnin hefði bætt úr þessu misræmi með því
að ákveða sömu verðbótagreiðslu á hið íslenska korn og nemur niðurgreiðslunum
á aðflutta kornið. En þetta hefur ekki verið gert, og því er hér lagt til, að Alþingi
feli ríkisstjórninni að framkvæma þessa sanngjörnu leiðréttingu á verðbótakerfinu.

Mál þetta lá fyrir síðasta þingi, en fékk þá ekki afgreiðslu. Vera má, að þar
um hafi ráðið einhverju, að nokkuð var liðið á þing, er það kom fram. En þótt
ekki lægi fyrir þingsamþykkt tillögunnar, hefði ríkisstjórnin þó getað tekið málið
til afgreiðslu, metið réttmæti þess og látið þá skipan koma til framkvæmda, sem
tillagan gerir ráð fyrir, því að til þess hefur hún heimild 28. gr. laganna um efna-
hagsmál frá 1960. En þetta hefur ekki gerzt, og því kemur málið til þingsins að
nýju. Flutningsmenn leggja áherzlu á, að ekki þurfti að velkja málið óhóflega
lengi, áður en það kemur til afgreiðslu, enda verður eðlilegt að teljast, að sú
ákvörðun, sem þingið væntanlega tekur um mál þetta, komi til framkvæmda einnig
um þá uppskeru, sem á þessu hausti fæst af íslenskum kornökum.